

Fundargerð

Fjarfundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar mánudaginn 11. janúar 2021 og hófst hann kl. 17. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir varaformaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Ásgrímur Angantýsson og Steinunn Stefánsdóttir. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Íslensk málstefna

Sjá fg. stj. ÍM 6/2020. Eins og komið hefur fram í fundargerð síðasta fundar ákvað stjórn Íslenskrar málnefndar ákvað að ráða ritstjóra til að vinna að útgáfu málstefnunnar. Á fundinum var farið yfir tillögur ritstjórans og jafnframt tillögur sem bárust frá stjórnarmanni.

2. Fundur fullskipaðrar málnefndar

Sjá fg. stj. ÍM 6/2020. Fundur í fullskipaðri málnefnd verður haldinn 18. febrúar. Fundurinn verður haldinn á Teams.

3. Erindi frá málnefnd Stjórnarráðsins

Erindi barst frá málnefnd Stjórnarráðsins þar sem Íslenskri málnefnd er falið að veita málnefnd Stjórnarráðsins ráðgjöf um hvort tilefni sé til að taka kynhlutlausu málnotkun í íslensku til skoðunar og þá hvernig það sé best gert. Ákveðið var að setja saman skýrslu um kynhlutlausu málnotkun og kosti og ókosti þess að stjórnvöld beiti sé fyrir henni.

4. Önnur mál

a. Fundur með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytis

Sjá fg. stj. ÍM 5/2020. Ármann Jakobsson, Eva María Jónsdóttir og Ágústa Þorbergsdóttir sátu fjarfund 11. janúar um málefni Íslenskrar málnefndar með Hildi Jörundsdóttur og Laufeyju Kristjánsdóttur frá mennta- og menningarmálaráðuneyti. Rætt var um ráðgjafarhlutverk Íslenskrar málnefndar.

b. Stuðningsbréf

Íslensk málnefnd sendi stuðningsbréf 15. desember við verkefnið *Informal language learning and cultural understanding among migrants*. Verkefnið er á vegum Sprákkraft í Svíþjóð.

c. Bréf frá Pétri Guðgeirssyni

Bréf barst frá Pétri Guðgeirssyni þar sem hann gerir athugasemd við málfar í Ríkisútvarpinu. Málið var rætt.

Fleira gerðist ekki; fundi slitið kl. 18:05.

Ármann Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.